

REGLUGERÐ
**um (16.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa
í sláturnafurðum, eggjum og mjólk.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XIII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- A. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1064/2007 frá 17. september 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksagn leyfa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar avílamýsín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2008 frá 26. apríl 2008.
- B. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2008 frá 24. janúar 2008 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar dínóprostón. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2008 frá 27. september 2008.

2. gr.

Með innleiðingu á reglugerðum Evrópusambandsins breytast ákvæði reglugerðar nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturnafurðum, eggjum og mjólk, þannig að:

- A. Eftirfarandi efni er bætt við 1. kafla í I. viðauka:
 - 1. Sýkingarlyf
 - 1.2. Sýklalyf
 - 1.2.15. Ortósómýsín

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir
Avílamýsín:	Díklórísóevernínssýra	Svín	50 µg/kg	Vöðvi
			100 µg/kg	Fita ⁽¹⁾
			300 µg/kg	Lifur
			200 µg/kg	Nýru
		Kanínur	50 µg/kg	Vöðvi
			100 µg/kg	Fita
			300 µg/kg	Lifur
			200 µg/kg	Nýru
		Alifuglar ⁽²⁾	50 µg/kg	Vöðvi
			100 µg/kg	Fita ⁽³⁾
			300 µg/kg	Lifur
			200 µg/kg	Nýru

⁽¹⁾ Fyrir svín og alifugla varðar þetta hámarksgildi leifa húð og fitu í eðlilegum hlutföllum.

⁽²⁾ Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis.

⁽³⁾ Fyrir svín og alifugla varðar þetta hámarksgildi leifa húð og fitu í eðlilegum hlutföllum.

Nr. 381

31. mars 2009

- B. Eftirfarandi efni er bætt við í 2. kafla II. viðauka:
2. Lífrænt efnasamband

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Dýrategundir
Dínóprostón	Allar tegundir spendýra

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 31. mars 2009.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2009